

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði

Lagt er til að velferðarsvið kanni sérstaklega tildrög og ástæður aukningar á langtímaveikindum meðal starfsfólks velferðarsviðs.

Greinargerð

Þróun langtímaveikinda meðal starfsfólks er mikilvæg ábending fyrir stjórnendur. Fjöldi starfsfólks í leyfi vegna langtímaveikinda hefur aukist umtalsvert sem gefur tilefni til rýni á ástæðum og áhrifaþáttum langtímaveikinda meðal starfsfólks. Mikilvægt er að líta sérstaklega til þeirra áhrifaþátta í langtímaveikindum sem kunna að snúa að starfsumhverfi starfsfólks, því þannig má finna tækifæri til mótvægisáðgerða í þágu bættrar heilsu starfsfólks og sparnaðar fyrir sviðið. Miðað við að viðbótarkostnaðurinn sem leggst á sviðið vegna aukinna langtímaveikinda er í hundruðum milljóna er til mikils að vinna fyrir sviðið, fyrir utan álagið og þekkingarlekann sem fylgir því að missa fólk í veikindi.